

## 78. fundur

Fræðslunefnd hélt fund mánudaginn 6. nóvember 2006 kl. 17.00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Björn Sverrisson formaður, Katrín Pálsdóttir, Ingveldur Eyþórsdóttir, Hrefna Frímansdóttir, Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri grunnskóla, Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskóla, Elín Pálsdóttir fulltrúi starfsfólks í leikskóla, Einar Gunnarsson fulltrúi kennara í grunnskóla Nadine Walter fulltrúi foreldra leikskólans.

### 1. Skýrslur skólastjóra

#### 1.1 Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum

##### 1. Innra starfið/ námið

Samræmdpróf í 4. og 7. bekk gengu vel, nemendur, foreldrar og kennarar hafa aðlagast þessu námsmati.

Námsmat/próf /foreldrafundir / viðtöl á miðönn er lokið og eru foreldrafundir í gangi þessa viku.

Skipulagsbreytingar á milli anna s.s dans (Danssýning) tónmennt. Danssýning dagsett n.k. fimmtudag á milli 5-6.

Önnur greinaskipting fer fram um áramótin.

##### 2. Annað

Eintal með Stefáni Karli, þriðjudaginn 7. nóvember. Verður í beinni útsendingu frá Bandaríkjunum í X-inu um morguninn, svo verður opið hús fyrir foreldra um kvöldið.

Tónlist fyrir alla, þriðjudaginn 28. nóvember upp í kirkju. Sigurður Flosason og Pétur Grétarsson spila á hin ýmsu hljóðfæri.

Nemendur 1. – 4. bekkjar heimsóttu Hraunháls, mánudaginn 6. nóvember. Tóku á móti þeim bændurnir á Hraunhálsi ásamt fólki frá Ullarselinu á Hvanneyri. Var hópnum skipt upp í 2 hópa þar sem helmingurinn fór í fjósið ásamt bændunum, þar sem farið var yfir starfið í fjósinu. Á meðan var farið yfir nýtingu ullarinnar allt frá því að kindin er rúin og þar til ullin er tilbúin.

Leiklistaráfangi, Frelsi frumsýnt í desember. Samið af kennurum í Grundaskóla á Akranesi. Lárus Á. Hannesson og Auður Rafnsdóttir leikstýra verkinu sem er sett upp í samvinnu við Tónlistarskólann undir stjórn Martins.

Vetrarfrí GSS 13.-17. nóvember.

#### 1.2 Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum

##### 1. Afhent skóladagatal

2. Foreldrahandbókin á pólsku, fengnar voru tvær mæður til að þýða foreldrahandbókina, og er það ætlunin að þýða líka yfir á ensku. Mikil þörf hefur verið fyrir handbókina á erlendu tungumáli.

3. Prófun í hljómi 2 er lokið og komu börnin vel út í heildina.

4. Foreldrafundi lokið, léleg mæting.

5. Fundi með Albert Eymundssyni, forstöðumanni félags og skólaþjónustunnar er lokið. Farið var yfir hvaða þjónustu leikskólanum stæði til boða og hvað mætti betur fara
6. Sálfræðingur og talmeinafræðingur búnir að koma í haust. Sálfræðingur kemur einu sinni í mánuði en talmeinafræðingur kemur tvisvar á önn.
7. Ný gerðir kjarasamninga leikskólakennara. Tóku gildi 1 október og gilda í tvö ár.

Sigrún sagði frá því að búið væri að nefna deildirnar á nýja leikskólanum og eru það örnefni úr umhverfi Stykkishólms sem notuð eru.

## 2. Önnur mál

Sigrún ræddi um hvort ekki væri komið að því setja fram væri skólastefnu Stykkishólmsbæjar, eins og gert er í stærri bæjarfélögum.

Formaður dreifið afriti af grein úr Bláinu, þar sem fjallað var um einstaklingsmiðað nám og spurt m.a. hvort betri nemendur ættu að fá þyngri próf. Einnig dreifði formaður geisladisk með viðtali við Karl Frímannsson skólastjóra í Hrafnagilsskóla, til fróðleiks og sem innlegg í umræðu um mótun skólastefnu grunnskólans. Þá minnti formaður á að rætt hafi verið um sameiginlega vinnu Leik- og Grunnskóla við gerð skóladagatala, til þess að samræma skóladagatalið sem mest og best. Umræður um gjaldfrjálsan leikskóla og leikskólann sem fyrsta skólastigið. Formaður sagði fræðslumálin taka stóran hluta tekna bæjarins og smærri bæjarfélög ekki ráða við þetta verkefni án þess að fjármagn kæmi frá ríkinu.

Fundi slitið kl. 18:30

Fundarritari: Ingveldur Eyþórsdóttir